



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 5.12. 2003

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, 304. mál.

Frumvarpið felur í sér eftirtaldar breytingar á tekjustofnum fjármálaeftirlitisins:

	Gjaldskrá 2003	Fr. fyrir 2004	Breyting	Gjaldstofn
Viðskiptabankar	0,0108%	0,0115%	6,4%	Eignir
Vátryggingafélag	0,2536%	0,2415%	-4,8%	Bókfærð frumtryggingaiðgjöld
Vátryggingafélag	0,0521%	0,0470%	-9,8%	Bókfærð fengin endurtryggingaiðgjöld
Félög í vátryggingamiðlun	0,09%	0,09%	0,0%	Miðlað iðgjaldamagn á næstliðnu ári
Verðbréfafyrirtæki	0,0885%	0,09%	1,7%	Eignir
Kauphallir og tilboðsmarkaðir	0,5%	0,5%	0,0%	Rekstrartekjur
Lífeyrissjóðir	0,00648%	0,00705%	8,8%	Hrein eign til greiðslu lífeyris
Verðbréfamiðstöðvar	0,763%	0,65%	-14,8%	Rekstrartekjur
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	0,0101%	0,01149%	13,8%	Eignir

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að kostnaður af starfsemi Fjármálaeftirlitisins verði 288,7 millj. kr. árið 2004 sem er 8,5% hækkun frá áætluðum kostnaði yfirstandandi árs. Sú hækkun skýrist að mestu af áætlaðri fjölgun starfsmanna um 1,5 stöðugildi og samningsbundnum launahækkunum. Tekjur af álögðu gjaldi á fjármálafyrirtæki eru áætlaðar 289,5 millj. kr. árið 2004 og er það 11,4% hækkun miðað við áætlaða innheimtu ársins 2003.

Samtök atvinnulífsins lýsa áhyggjum af þeim vexti kostnaðar sem átt hefur sér stað við fjármálaeftirlit og þeim gjaldahækkunum sem lagðar eru á eftirlitsskylda aðila. SA taka undir umsagnir samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila sem fylgir frumvarpinu og umsögn nefndarinnar dags. 2.12. 2003. SA vilja áreita að þau telja óeðlilegt að eftirlitsskyldum aðilum sé gert að greiða fyrir stjórnarsýsluþáttinn í starfsemi FME og fara fram á að ríkið beri þann kostnað af störfum FME sem sérstaklega er unnin fyrir viðkomandi ráðuneyti.

Samtök atvinnulífsins vilja einnig taka sérstaklega undir tillögu nefndarinnar um að löggjafinn breyti lögum nr. 99/1999 og kveði afdráttarlaust á um að hið opinbera taki á sig fjármögnun á þeim þáttum sem lúta að hreinni stjórnarsýslu og störfum FME í tengslum við laga- og reglusetningu, en eftirlitsskyldir aðilar greiði eftir sem áður fyrir hið raunverulega eftirlit sem FME hefur með höndum.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson

aðstoðarframkvæmdastjóri

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is